

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um rannsóknir á súrnun sjávar.

Frá Rósu Björk Brynjólfsdóttur.

1. Hvernig telur ráðherra að standa beri að eflingu rannsókna á súrnun sjávar eins og kveðið er á um í sáttmála ríkisstjórnarinnar að gera skuli?
2. Hve mikið fé telur ráðherra að veita þurfi til rannsókna á súrnun sjávar á kjörtímabilinu til þess að markmið um eflingu þeirra náist og mun ráðherra leggja til í ríkisstjórn að þeirri upphæð verði varið í málaflokkinn?
3. Hvernig telur ráðherra að haga beri samstarfi við sjávarútveginn um rannsóknir á súrnun sjávar og hver ætti að leiða það samstarf?
4. Hvert telur ráðherra að hlutverk Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna, eigi að vera í rannsóknum á súrnun sjávar?

Skriflegt svar óskast.